

## 3. fundur

### Jafnréttisnefndar Húnavatnshrepps

haldinn að Litlu-Giljá, 02.04.2012.

Allir nefndarmenn voru mættir.

Farið var yfir jafnréttis- og framkvæmdaráætlun fyrir Húnavatnshrepp:

-----

### **Jafnréttis og framkvæmdaráætlun Húnavatnshrepps**

#### **1. Inngangur**

Jafnréttisáætlun Húnavatnshrepps byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Jafnréttisáætlunin tekur til stjórnkerfis og starfsmanna sveitarfélagsins og þjónustu sem stofnanir hreppsins veita íbúum.

#### **2. Markmið**

Markmið jafnréttisáætlunar er að stuðla að jafnri stöðu karla og kvenna í Húnavatnshreppi og tryggja að bæði kyn geti nýtt sér það lagalega jafnrétti sem það á rétt á. Þetta á við um menntun, atvinnulíf og félagslíf. Húnavatnshreppur leggur áherslu á að bæði kyn njóti sömu tækifæra til launa, vinnu og áhrifa í sveitarfélaginu.

#### **3. Ákvæði vegna starfsmanna sveitarfélagsins**

a. Nefndir og ráð: Við skipan í nefndir og ráð skal þess gætt að hlutföll kynja séu sem jöfnust til að tryggja sé að áhrif karla og kvenna við ákvarðanatöku og stefnumótun í samfélaginu séu sem jöfnust.

##### **Aðgerðaráætlun:**

**Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum Húnavatnshrepps skal gæta þess að hlutföll kynja sé sem jafnast.**

**Gera skal könnun að lágmarki á fjögurra ára fresti.**

**Framkvæmd. Sveitastjóri Húnavatnshrepps**

**Ábyrgð. Sveitastjórn**

**Tímarammi. Fyrsta könnun 01.09.2015**

b. Auglýsingar og ráðningar starfsmanna: Jafnréttisnefnd beinir þeim tilmælum til sveitastjórnar að auglýsa lausar stöður til umsóknar. Auglýsingar skulu vera aðgngilegar öllum.

**Aðgerðaráætlun:**

**Samantekt á kynjahlutföllum í öllum starfshópum ásamt yfirliti yfir auglýst störf, umsækjendur og ráðningar.**

**Framkvæmd: Sveitastjóri Húnavantshrepps**

**Ábyrgð: Sveitastjórn**

**Tímarammi: Fyrsta úttekt skal lokið 01.09. 2012**

c. Starfsmannakjör: Við ákvörðun launa og annarra starfskjara, útlutun verkefna, tilfærslur í störfum og uppsagnir skal þess gætt að mismuna ekki eftir kynferði sbr.24. gr.laga nr.10/2008. Því skal leitast við að meta jafnt mismunandi starfssvið, reynslu og menntun kvenna og karla. Gæta skal þess að konur og karlar njóti að öllu leyti sambærilegra launa og starfsaðstæðna með vísan í lög nr.10/2008.

**Aðgerðaráætlun:**

**Árleg greining skal gerð á launum og starfkjörum starfsmanna og leiðréttá ef óútskýranlegur munur kemur í ljós.**

**Framkvæmd: Skrifstofustjóri Húnavatnshrepps**

**Ábyrgð: Sveitastjóri.**

**Tímarammi: 1.janúar-30. apríl**

#### 4. Fjölskyldu, íþróttá- og æskulýðsmál

Sveitarfélagið og stofnanir þess skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfskyldur og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.

Stúlkum og drengjum skulu veitt sömu tækifæri til íþróttaiðkana og njóta sömu fjárveitinga á vegum hreppsins til íþróttá- og tómskundaiðkunnar. Þess skal gætt að drengir og stúlkur hafi sömu möguleika til sumarstarfa á vegum hreppsins.

Því er beint til yfirvalda grunn- og leikskóla að vinna að því að jafna stöðu kynjanna og veita börnum og unglíngum hvatningu til að nýta hæfileika sína til fulls, bera virðingu hvert fyrir öðru og efla jákvæð samskipti kynjanna.

**Aðgerðaráætlun**

**Sveitarfélagið og stofnanir þess skulu hvetja bæði kynin að nýta sér þann rétt sem þau hafa til töku fæðingarorlofs. Kanna skal árlega hvernig gengur að framfylgja ofangreindum tilmælum.**

**Framkvæmd: Forstöðumenn stofnana og skrifstofustjóri.**

**Ábyrgð: Sveitastjóri.**

**Tímarammi: Kannanir gerðar í janúar ár hvert. jafnréttisnefnd ákveði framhald í kjölfar niðurstöðu.**

#### 5. Fræðsla og ráðgjöf

Fræðsla um jafnréttismál og leiðir til að vinna að jafnri stöðu kynjanna skal vera virkur þáttur í starfi sveitarfélagsins. Fylgjast skal með endurmenntun í sveitarfélaginu og skulu stjórnendur stofnanna í sveitarfélaginu beita sér fyrir því að slíkir möguleikar séu fyrir hendi sem geti aukið tækifæri kvenna og karla til atvinnu og menntunar.

**Aðgerðaráætlun:**

**Árleg greining á sókn kvenna og karla í endurmenntunarnámskeið og starfsþjálfun.**

**Framkvæmd: Forstöðumenn stofnana skila upplýsingum árlega til skrifstofustjóra Húnavatnshrepps til úrvinnslu.**

**Ábyrgð: Sveitarstjóri.**

**Tímarammi: Lokið í desember ár hvert fyrst árið 2012.**

6. Kynning, endurskoðun og eftirfylgni.

Jafnréttisnefnd skal fylgjast með og hafa frumkvæði að aðgerðum til að tryggja jafna stöðu kynjanna í Húnavatnshreppi, einnig skal nefndin hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlunar til fjögur ára í senn.

Áætlunin skal endurskoðuð eftir þörfum, ekki seinna en fjórum árum frá samþykkt hennar.

Jafnréttisáætlun þessi skal kynnt íbúum hreppsins, stofnunum og starfsmönnum þeirra.

Fleira ekki gert.

Þorsteinn Jóhannsson

Halldóra Á. G. Heyden

Sigrún Grímsdóttir